

VESTFJARÐASTOFA

Fréttabréf janúar 2022



Orkumál, samgöngur og samkeppnishæfni Vestfjarða

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

Orkumál og samgöngumál. Þetta eru þeir málaflokkar sem ég hef líklega minnst á í flestum pistlum í fréttabréfum Vestfjarðastofu síðasta árið. Þessi mál eru grunnforsendur búsetu víðast hvar og skipta öllu máli þegar kemur að atvinnuuppbyggingu. Ég finn samt að þolið fyrir málflutningi okkar Vestfirðinga er ekkert alltof mikið þegar kemur að umræðunni um innviði og grunngerð. Því verður ekki á móti mælt að miklar vegaf framkvæmdir eru á svæðinu þessi árin og er það vel. Það virðist hins vegar gleymast í þeirri umræðu að þarna er verið að gera endurbætur á 70 ára gömlum stofnvegum sem ekki hafa fengið viðeigandi viðhald eða neinar framkvæmdir. Það er verið að vinna upp langvarandi framkvæmdaleyssi á svæði sem hefur verið vanrækt illilega svo áratugum skiptir.

Í mannföldaspám Bygðastofnunar eru það tvö svæði á landinu sem spáð er nánast hrúni ef horft er til 2035. Það er Norðurland Vestra og Vestfirðir – þar sem fækka mun allra mest samkvæmt þessum spám. Spárnar byggja á fortíð, á aldurssamsetningu íbúa og fleiri þáttum. Bygðaaáætlun sem er hið ágætasta plagg tekur afar lítið tillit til þessarar spár. Aðgerðum í bygðamálum er beint um allt land – helst sem jafnast til að allir séu hæfilega óánægðir.

Landsnet verður lögum samkvæmt að byggja sínar áætlanir á ónothæfri raforkuspá sem er í engu samræmi við vöxt undanfarinna ára í raforkunotkun á Vestfjörðum, engin tengsl eru sjáanleg við fyrirhugaða öflugna atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum og ekkert samræmi er við fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um orkuskipti t.d. fyrir ökutæki, skip, báta og ferjur o.s.frv. Hægfara framkvæmdaaáætlun Landsnets stendur í vegi fyrir þeirri þróttmiklu atvinnuuppbyggingu sem nú er á fullri ferð á svæðinu.

Orkumál Vestfirðinga hafa verið til umfjöllunar svo áratugum skiptir. Hér er ekki um að ræða nýtt vandamál sem er að koma upp í dag. Stjórn Vestfjarðastofu ályktaði um orkumálin í síðustu viku og benti á fjölda skýrslna um greiningu á stöðu og tillögur til úrbóta í málaflokknum auk þess sem orkustefna iðnaðarráðherra frá síðasta ári og þingsályktun frá 2018 um flutningkerfi raforku eiga að setja Vestfirði í forgang. Stjórnvöld hafa því nægar forsendur til að taka nauðsynlegar ákvarðanir bæði varðandi styrkingu flutningskerfis raforku innan Vestfjarða og bættra tenginga við aðra landshluta sem og ákvarðanir varðandi undirbúning vatnsafls- og vindorkuvirkjana innan Vestfjarða.

Kjarni málsins er sá að rammi raforkulaga er markaðsvæðing sölu og flutnings á raforku. Á Vestfjörðum er í raun markaðsbrestur þannig að kostnaðarsöm lagfæring á flutningskerfi raforku setur svæðið alltaf síðast í „röðina“.

Vestfjarðastofa hélt opinn fund um jarðgöng á Vestfjörðum í síðustu viku þar sem farið var yfir jarðgangnaáætlun Vestfjarða og kynnt samfélagsgreining vegna jarðgangna. Þar kom fram að brýnustu framkvæmdir á því sviði kostuðu um 47 milljarða. Mögulegur kostnaður við uppbyggingu samkeppnishæfs flutningskerfis raforku innan Vestfjarða og tengingar við aðra landshluta gætu kostað 12-15 milljarða. Heildarkostnaður við „Samkeppnishæfa Vestfirði“ er því ríflega 60 milljarðar. Líklegt er að í landshlutanum verði útflutningsverðmæti afurða á næstu árum nálægt þeirri tölu árlega. Því væri tilvalið að 10% af útflutningsverðmætum væru sett í uppbyggingu innviða næstu 10 árin til að svæðið verði í svipaðri stöðu og aðrir landshlutar og koma í veg fyrir fullkomið hrún sem birtist í mannföldaspám.

Gætum við náð samfélagslegri sátt um það?



Styttist í framkvæmdir á nýrri höfn í Súdavík

Magnús Þór Bjarnason

Skrifað var undir framkvæmdasamning við Tígur ehf. um gerð fyrirstöðugarðs vegna landfyllingar og nýrrar hafnar í Súdavík við Langeyri í Álfartarfirði í lok janúar 2022. Tígur ehf. sem átti lægsta tilboðið í verkið, hefur langa reynslu af framkvæmdum við slík mannvirki, nú síðast við að stækkun Ísafjarðarhafnar. Áður hafði Súdavíkurhöfn og Hafnarsjóður Ísafjarðarbæjar samið við Björgun ehf. um notkun á uppðælingarefni frá stækkun Ísafjarðarhafni til landfyllinga og er sá verkhluti metinn á 437 miljónir króna. Verkkaupi að gerð fyrirstöðugarðs er Vegargerðin og skal verkinu lokið 1. október 2022.

Nýja höfnin við Langeyri tengist byggingu á nýrri verksmiðju Íslenska Kalkþörungafélagsins ehf., sem fyrirhugar að hefja starfsemi í október 2025. Kalkþörungafélagið skrifaði undir samstarfssamning við Súdavíkurhrepp þann 16. október 2021 um uppbygginguna. Nýja höfnin er utan snjóflóðasvæðis og mun nýtast fleirum og gefur vaxtataækifæri fyrir hafnsækna starfsemi.

Orkumál á Vestfjörðum - ályktun stjórnar Vestfjarðastofu

Stjórn Vestfjarðastofu tekur undir áhyggjur sveitarstjórna og atvinnulífs á Vestfjörðum af afleiðingum á takmörkunum á sölu á skerðanlegri orku. Stjórn kallar eftir að stjórnvöld og Landsvirkjun tryggji að kostnaður vegna þessarar stöðu falli ekki aðeins á íbúa og atvinnulíf á Vestfjörðum. Eins lýsir stjórn Vestfjarðastofu áhyggjum af áhrifum þessarar stöðu á rekstur og fjárfestingargetu Orkubús Vestfjarða, m.a seinkunum í verkefnum er varðar þrífösun rafmagns og undirbúningi nýrrar orkuvinnslu s.s. vatnsafls og jarðhita.

Stjórn Vestfjarðastofu bendir á að sú staða sem upp er kominn hafi verið fyrirsjáanleg og er enn ein birtingarmynd af þeirri vöntun sem er á stefnumarkandi ákvörðunum stjórnvalda í orkumálum á Vestfjörðum.

Stjórn Vestfjarðastofu vísar til ályktunar Fjórðungshinga Vestfirðinga og nú síðast 66. Fjórðungshings um orkumál. Bent er á að fjöldi skýrslna um greiningu á stöðu og tillögur að úrbótum í málaflokknum liggja fyrir og stjórnvöld geta nýtt sér til að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Hér blasa við ákvarðanir um undirbúning að styrkingu flutningskerfis raforku innan Vestfjarða og bættu tenginga við aðra landshluta og ákvarðanir varðandi undirbúning vatnsaflsvirkjana og vindorkuvirkjana innan Vestfjarða.

Að óbreyttu tapa Vestfirðir á hverjum degi af nýjum tækifærum og þeim ávinningi sem ella væri til staðar ef Vestfirðir væru í samkeppnishæfri stöðu miðað við aðra landshluta í raforkumálum.

Jarðgöng á Vestfjörðum - kynningarfundur

Magnea Garðarsdóttir

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga hélt fjölmennan fjarfund fimmtudaginn 27. janúar þar sem kynnt var jarðgangnaáætlun fyrir Vestfirði og samfélagsgreining vegna jarðgangna sem unnin var af KPMG. Fundurinn var öllum opin en öllum sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum, þingmönnum og embættismönnum í ráðuneytum og stofnunum sem tengjast samgöngumálum var sérstaklega boðið. Fundarstjóri var Jóhanna Ösp Einarsdóttir stjórnarformaður Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu.


Í kynningunum var farið yfir þá sameiginlegu sýn Vestfirðinga að áherslu skuli leggja á uppbyggingu heildstæðra atvinnusvæða á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum með þremur jarðgöngum, Súðavíkurgöngum og göngum um Mikladal og Hálfán auk breikkunar Breiðadals- og Botnsheiðarganga. Jafnframt kom fram að jarðgöng eru drifkraftur markmiða stjórnvalda um jákvæða byggðapróun sem fram koma í Byggðaáætlun, samgönguáætlun og stefnu í málefnum sveitarfélaga.

Á fundinum kom fram að engin jarðgöng á Vestfjörðum eru í gildandi samgönguáætlun og ekki í auglýsingu fyrr en eftir 2035 ef ekkert verður að gert og var fundurinn í raun ákall til stjórnvalda um að við þá stöðu verði ekki búið. Í samfélagsgreiningu er dregnar fram staðreyndir varðandi vaxandi atvinnulíf, breytingar í samfélagsgerð og kröfum sem gerðar eru til búsetukosta.

Á fundinum afhenti Íða Marsibil Jónsdóttir, formaður innviðanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, Sigurði Inga Jóhannssyni, innviðaráðherra og Viljálm Árnasyni, formanni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis skýrslurnar og þeir ávörpuðu fundinn.

Ráðherra kynnti vinnu við gerð jarðgangnaáætlun fyrir Ísland og félagshagfræðilega greiningu á áhrifum þeirra og þakkaði vinnu sem unnin hefur verið á Vestfjörðum sem mun nýtast í þá vinnu.

Vilhjálmur Árnason þakkaði góða vinnu og sagði góðan undirbúning og rökfastan málflutning skila árangri. Vilhjálmur fjallaði í ávarpi sínu um mikilvægi samgangna bæði varðandi efnahag, umhverfi og samfélag og sagði Vestfirði eina af „mjólkurkúum“ íslensks þjóðarbús sem þyrfti að gæta að.



Íbúðakönnun landshlutanna

Magnea Gardarsdóttir



Vestfjarðastofa stóð ásamt öðrum landshlutasamtökum að íbúðakönnun landshlutanna fór fram á netinu í september og október 2020.

Tilgangur hennar var að kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæður á vinnumarkaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða, s.s hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutanum

Könnunin var send út á íslensku ensku og pólsku og alls fengust 10.253 svör. Skýrsla um könnunina kom út í ársbyrjun 2021.

Niðurstöður könnunarinnar eru nú aðgengilegar í mælaborði hjá Bygðastofnun og þar má til dæmis sjá að íbúar á Vestfjörðum meta friðsæld mikils og telja almennt nokkuð gott að búa á svæðinu. Þó má sjá að svæðið kemur ekki alveg nógu vel út á nokkrum sviðum.

Mælaborð Bygðastofnunar má finna á forsiðu Bygðastofnunar - www.byggdastofnun.is



Heimasíða og facebook Vestfjarðastofu

Magnea Gardarsdóttir

Minum á heimasíðu Vestfjarðastofu. Eins og kom fram í síðasta fréttabréfi þá er hægt að finna þar ýmislegt eins og dagsetningar í hina ýmsu sjóði, nýjustu fréttir og upplýsingar um verkefni okkar.

Ekki má gleyma facebooksíðu okkar, þar eru ýmsar fréttir af okkur og því sem við viljum koma á framfari til ykkar - endilega muna að líka við okkur

